



# Umræðuskjal

Nr. 5/2019

Drög að reglum um tryggilega  
varðveislu fjármuna sem  
greiðslustofnun móttækur

27. nóvember 2019



**FJÁRMÁLAEFTIRLITID**  
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

## Almennar leiðbeiningar

Umræðuskjalið er sent umsagnaraðilum og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri umsögn eigi síðar en 5. desember nk. Skjalið er einnig birt á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, [www.fme.is](http://www.fme.is).

**Umsagnaraðilar eru vinsamlegast beðnir um að skila umsögnum rafrænt á sérstöku umsagnareyðublaði sem útbúið hefur verið vegna draga þessara að leiðbeinandi tilmælum.**

Umsagnareyðublaðið má nálgast á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins með því að velja „Lög og tilmæli“-flipann á forsíðu og velja svo flokkinn „Umræðuskjöl“. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið [fme@fme.is](mailto:fme@fme.is).

**REGLUR**  
**um tryggilega varðveislu fjármuna sem greiðslustofnun móttækur.**

1. gr.  
*Gildissvið.*

Reglur þessar gilda um greiðslustofnanir sem fengið hafa leyfi til starfrækslu greiðsluþjónustu skv. II. kafla laga um greiðsluþjónustu, nr. 120/2011.

2. gr.  
*Skylda til að varðveita fjármuni með tryggilegum hætti.*

Greiðslustofnun sem veitir einhverja þá þjónustu sem talin er upp í 4. gr. laga um greiðsluþjónustu skal varðveita fjármuni sem hún hefur tekið við frá notendum greiðsluþjónustu eða öðrum greiðsluþjónustuveitanda með tryggilegum hætti. Varðveisla fjármuna greiðslustofnana skv. þessari grein telst tryggileg ef hún samræmist ákvæðum 3. og 4. gr. þessara reglna.

3. gr.  
*Fjárhagslegur aðskilnaður.*

Fjármunum sem greiðslustofnun tekur við frá einstaklingum eða lögaðilum skal haldið skýrt aðgreindum frá fjármunum í eigu greiðslustofnunar eða annarra en notenda greiðsluþjónustu. Fjármunir sem móttækur hafa verið frá notendum greiðsluþjónustu eða frá öðrum greiðsluþjónustuveitendum skulu teljast sértökukröfur í þrotabú greiðslustofnunar komi til gjaldþrots. Um réttthæð þeirra fer skv. 109. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., enda sýni eigandi fjármuna fram á eignarrétt sinn að þeim.

Til fjármuna skv. 1. mgr. þessarar greinar teljast fjármunir notenda greiðsluþjónustu sem greiðslustofnun hefur í sinni vörslu og viðtakandi greiðslu, þ.m.t. annar greiðsluþjónustuveitandi, hefur ekki fengið greidda við lok næstkomandi virks dags eftir viðtöku fjármunanna.

4. gr.  
*Ráðstafanir til varðveislu fjármuna.*

Fjármunir skv. 1. mgr. 3. gr. skulu lagðir inn á reikning, sem er skýrt merktur til aðgreiningar frá reikningum sem notaðir eru fyrir fjármuni í eigu greiðslustofnunar. Ef fjármunum er varið í öruggar, seljanlegar og áhættulitlar eignir skulu þær jafnframt auðkenndar með skýrum hætti til að tryggja fjárhagslegan aðskilnað, skv. 1. mgr. 3. gr.

Með öruggum, seljanlegum og áhættulitlum eignum skv. 1. mgr. er átt við:

- a) lausafjäreignir sem falla undir stig 1 skv. reglum Seðlabanka Íslands um lausafjárhlutfall lánastofnana eða
- b) eignaliði sem falla undir einn af flokkunum sem settir eru fram í 1. mgr. 336. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013, sbr. 56. gr. reglugerðar um varfærniskröfur vegna starfsemi fjármálafyrirtækja, nr. 233/2017, þar sem gjald fyrir

tiltekið áhættufjármagn er 1,6% að hámarki, að undanskildum öðrum fullgildum liðum eins og þeir eru skilgreindir í 4. mgr. sama ákvæðis.

Til öruggra, seljanlegra og áhættulítilla eigna skv. 1. mgr. teljast einnig fjárfestingar í verðbréfasjóðum (UCITS), sem fjárfesta eingöngu í eignum sem tilgreindar eru í 2. mgr. þessarar greinar. Fjármálaeftirlitið getur veitt greiðslustofnun undanþágu til að fjárfesta í fjárfestingarsjóðum ef fjárfestingarstefna þeirra heimilar eingöngu fjárfestingu í eignum sem tilgreindar eru í 2. mgr. þessarar greinar. Skilyrði fyrir að slík undanþága sé veitt er að um innlausn hlutdeildarskírteina viðkomandi fjárfestingarsjóðs gildi ávallt sambærilegar reglur og varðandi innlausn hlutdeildarskírteina verðbréfasjóða (UCITS).

Fjárfestingar greiðslustofnana í öruggum, seljanlegum og áhættulitlum eignum skv. 2. og 3. mgr., kunna að sæta takmörkun samkvæmt ákvörðun Fjármálaeftirlitsins, svo tryggt sé að greiðslustofnun búi á hverjum tíma yfir nægjanlegu lausu fé til að mæta skuldbindingum gagnvart viðskiptavinum.

#### 5. gr.

##### *Yfirlýsing um samtölu tryggilega varðveittra fjármuna.*

Greiðslustofnun skal ársfjórðungslega senda Fjármálaeftirlitinu, á þar til gerðu eyðublaði, sem Fjármálaeftirlitið lætur í té, yfirlýsingu, staðfesta af löggiltum endurskoðanda, um stöðu sérmerks reiknings í banka. Í yfirlýsingunni skulu jafnframt koma fram upplýsingar um heildarvirði öruggra, seljanlegra og áhættulítilla eigna sem fjárfest er í á grundvelli 4. gr.

Samtala tryggilega varðveittra fjármuna skv. 4. gr. skal ekki vera lægri en staða fjármuna í vörslu greiðslustofnunar samkvæmt bókhaldi fyrirtækisins.

#### 6. gr.

##### *Gildistaka.*

Með reglum þessum eru innleidd ákvæði 9. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/64/EB, um greiðsluþjónustu á innri markaðnum.

Reglur þessar eru settar með heimild í 3. mgr. 18. gr. laga um greiðsluþjónustu, nr. 120/2011, og öðlast þegar gildi. Jafnframt falla þá úr gildi reglur um tryggilega varðveislu fjármuna greiðslustofnana, nr. 323/2014.